

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 879/2004

2007/EES/31/05

frá 29. apríl 2004

um bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður (*Saccharomyces cerevisiae*)(*)FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1756/2002 ⁽²⁾, einkum 3. gr. og 1. mgr. 9. gr. e,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að ekki megi setja aukefni í dreifingu nema veitt hafi verið leyfi Bandalagsins fyrir því.
- 2) Þegar um er að ræða aukefni sem um getur í II. hluta viðauka C við tilskipun 70/524 og tekur til örvera má veita bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar hefur verið leyft, að uppfylltum skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun og ef ástæða er til að ætla, með hliðsjón af fyrirliggjandi niðurstöðum, að notkun þess í fóðri hafi einhver þau áhrif sem um getur í a-lið 2. gr. þeirrar tilskipunar. Heimilt er að veita slíkt bráðabirgðaleyfi til allt að fjögurra ára ef um er að ræða aukefni sem tilgreind eru í II. hluta viðauka C við þá tilskipun.
- 3) Notkun örverublöndu með *Saccharomyces cerevisiae* (MUCL 39885) hefur í fyrsta sinn verið leyfð til bráðabirgða fyrir smágrísi og eldisnautgripi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1411/1999 ⁽³⁾.
- 4) Ný gögn voru lögð fram sem rökstuðningur með umsókninni um rýmkun leyfis fyrir þessu aukefni þannig að það taki til mjólkurkúa.
- 5) Mat á umsókn um leyfi, sem lögð var fram að því er varðar nýja notkun þessa aukefnis, leiðir í ljós að skilyrði fyrir bráðabirgðaleyfi, sem kveðið er á um í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt.

6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (sérfræðinganefnd um aukefni og vörur eða efni sem eru notuð í fóður) lagði fram jákvætt álit 27. janúar 2004 um öryggi auk-efnisins þegar það er notað fyrir mjólkurkúr við þau notkunarskilyrði sem sett eru fram í þessari reglugerð.

7) Því skal leyfa notkun þessa aukefnis fyrir mjólkurkúr til bráðabirgða um fjögurra ára skeið.

8) Matið á umsókninni leiðir í ljós að tilteknar aðgerðir eru nauðsynlegar til að vernda starfsmenn gegn váhrifum af völdum aukefnanna sem eru tilgreind í viðaukanum. Slík vernd ætti að vera tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ⁽⁴⁾.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heimilt er að leyfa til bráðabirgða efnablönduna, sem tilheyrir flokknum „örverur“ og tilgreind er í viðaukanum, til notkunar sem aukefni í fóðri samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 65. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 140/2004 frá 29. október 2004 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 20, 21.4.2005, bls. 3.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 164, 30.6.1999, bls. 56.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. apríl 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

—

VIÐAUKI

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					Byrpingafjöldi (CFU)/kg heilföðurs			
Örverur								
14	<i>Saccharomyces cerevisiae</i> MUCL 39885	Efnablanda með <i>Saccharomyces cerevisiae</i> sem inniheldur að lágmarki: Duft, kúlu- og eggлага korn: 1×10^9 CFU/g aukefnis	Mjólkurkýr	—	$1,23 \times 10^9$	$2,33 \times 10^9$	Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggglun. Magn <i>Saccharomyces cerevisiae</i> í dagskammti skal ekki fara yfir $8,4 \times 10^9$ CFU á hver 100 kg líkamsþyngdar að 600 kg. $0,9 \times 10^9$ CFU er bætt við á hver 100 kg líkamsþyngdar umfram 600 kg.	3.5.2008